



Fundargerð

415. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 11:00 fimmtudaginn 14. desember 2017. Þetta er 12. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 7 blaðsíður
Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn velkomna.
Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Sveitarstjóri fór á fund í Vík með sveitarstjórum Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps, bæjarstjóra Hornafjarðar, framkvæmdastjóra SASS, framkvæmdastjóra Háskólaþélags Suðurlands og fulltrúum frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu þar sem farið var yfir skýrslu starfshóps um eflingu byggðar og atvinnulífs á svæðinu milli milli Markarfljóts og Öræfa. Farið var ítarlega yfir efnisatriði skýrslunnar og helstu forgangsverkefni. Sveitarstjóri fíkk kynningu hjá Veðurstofu Íslands á hættumati vegna Skaftárhlaupa sem er langt komið. Kynning á hættumatinu fyrir íbúa sveitarfélagsins er áætluð í almannavarnarvikunni 5. – 9. febrúar 2018. Sveitarstjóri og oddviti heimsóttu elstu bekki Kirkjubæjarskóla og þar sem farið var yfir starfsemi sveitarfélagsins og fyrirspurnum svarað. Haldinn var íbúafundur vegna fjárhagsáætlunarvinnu þar sem einnig var kynnt staða á sameiningarviðræðum við sveitarfélagið Hornafjörð og Djúpavogshrepp. Priðji fundur starfshóps um raforkuflutning fór fram í lok nóvember og er gert ráð fyrir að næsti fundur verði haldinn eftir áramótin. Sveitarstjóri fíkk kynningu á þeim áhrifum sem ný persónuverndarlöggjöf kemur til með að hafa á sveitarfélagið árið 2018. Boðið var uppá námskeið fyrir starfsfólk í jákvæðum samskiptum sem mæltist vel fyrir.

Dagskrá

I. Fundargerðir til samþykktar

1. 1603011 Fundargerð 118. fundar rekstrarnefndar. dags. 07.12.2017
2. **1712007** Fjárhagsáætlun Klausturhóla 2018

Ekki liggur fyrir hækken á gjaldskrám frá Sjúkrratryggingum Ísland en í áætluninni er gert ráð fyrir 4,4% hækken á gjaldskrá í samræmi við þróun verðlags og launa í fjárlögum og er fjárhagsáæltun Klausturhóla byggð á þeim upplýsingum.

Byggt er á að launakostnaður hækki um 6,5% og að almennur rekstarkostnaður hækki um 2,7%.

Gert er ráð fyrir í áætluninni að uppgjör Lifeyrisskuldbindinga milli ríkis og sveitarfélaga ljúki á árinu 2017.

Gert er ráð fyrir heildar tekjum upp á 210.920 þús kr og rekstargjöld eru áætluð 213.669 þús.

Fjármunatekjur eru áætlaðar 1500 þús kr og gert er ráð fyrir að tap verði 1.250 þús kr.

Rekstrarnefnd samþykkir fjárhagsáætlun ársins 2018 og vísar til sveitarstjórnar til afgreiðslu.

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlunina en bendir á mikilvægi þess að gætt verði aðhalds í rekstri heimilisins. Sveitarstjórn mun áfram beita sér fyrir fjölgun hjúkrunarrýma á Klausturhólum.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

2. 1604045 Fundargerð 26. fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar. 07.12.2017



1709007 Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi

Drög að samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi er yfirlarinn og lagfærð. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd afgreiðir drögin til umfjöllunar hjá sveitarstjórn.

Sveitarstjórn þakkar yfirferð nefndarinnar og felur sveitarstjóra að lagfæra 5. gr. samþykktarinnar í samræmi við umræður fundarins og senda hana til Heilbrigðisnefndar Suðurlands til umsagnar.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

3. 1605016 Fundargerð 12. fundar atvinnumálanefndar. 29.11.2017

4) Mannauður erlendra ríkisborgara í atvinnulífi Skaftárhrepps

Margir erlendir starfsmenn eru við vinnu í Skaftárhreppi og eru sumir þeirra með hátt menntunarstig. Atvinnumálanefnd vill leggja til að þessi mannauður verði kortlagður hvetjum við sveitarfélagið og fyrirtæki í Skaftárhreppi að auglýsa störf og stöður á fleiri en einu tungumáli. SASS áætlar að fara af stað með svipað verkefni og er atvinnumálanefnd tilbúin að taka þátt í því starfi hér í Skaftárhreppi.

Sveitarstjórn þakkar góða ábendingu og tekur undir mikilvægi þess að virkja allan mannauð í sveitarfélaginu.

Sverrir Gíslason lýsir yfir vanhaefi við afgreiðslu næsta liðar og vikur af fundi.

5) Sauðfjárrækt og sláturhús

Atvinnumálanefnd Skaftárhrepps vill skora á tilvonandi landbúnaðarráðherra að hefja opinbera rannsókn á þætti sláturleyfishafa í myndun afurðaverðs til sauðfjárbænda á árinu 2017.

Sveitarstjórn tekur undir mikilvægi þess að málíð verði skoðað í kjölinn en telur að gera þurfi úttekt á verðmyndun frá frumframleiðanda til neytanda fremur en að opinberri rannsókn verði beint að einstökum aðilum. Sveitarstjóra falið í samvinnu við formann atvinnumálanefndar að senda áskorun fyrir hönd sveitarfélagsins til landbúnaðarráðherra.

Sverrir Gíslason kemur aftur til fundarins.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

4. 1701001 Fundargerð 152. fundar fræðslunefndar. 20.11.2017

Kirkjubæjarskóli á Síðu

4. Önnur mál

a) Skólastjóri óskar að eftirfarandi verði bókað: „Skólastjóri beinir því til sveitarstjórnar að finna lausn á hitastjórnun innan skólahúsnæðis“.

Sveitarstjórn óskar eftir fundi með skólastjóra og umsjónarmanni fasteigna til að fá ítarlegri upplýsingar um vandamálið og mögulegar lausnir þess.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.



II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1711001 Álagning gjalda 2018

Fasteignaskattur verður óbreyttur:

Fasteignagjöld skv. a- lið, íbúðir og útihús, 0,625%

Fasteignagjöld skv. b- lið, opinbert húsnæði, 1,32%

Fasteignagjöld skv. c- lið, atvinnuhúsnæði, 1,65%

Gjaldskrá fráveitu

Fráveitugjald verði 0,25% af fasteignamati húss og lóðar á Kirkjubæjarklaustri.

Gjaldskrá sorphirðu- og sorpeyðingargjalda er óbreytt en frá 1. janúar 2018 innheimtir sorphirðuaðili sorpeyðingargjald fyrirtækja.

Fráveitu- og sorpgjöld verði innheimt með fasteignagjöldum.

Gjalddagar fasteignagjalda verði 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí og 1. ágúst.

Eindagi verði 30 dögum eftir gjalddaga.

Gjalddagi er einn ef gjald er lægra en 15.000 kr.

Gjalddagar eru tveir ef gjald er lægra en 40.000 kr.

Reglur um afslátt affasteigna- og fráveitugjöldum til elli- og örorkulifeyrisþega.

Reglurnar verði uppfærðar miðað við launavísitölu.

Gjaldskrá íþróttamannvirkja verður óbreytt

Gjaldskrá félagsheimila og gjaldskrá vegna hunda- og kattahalds verður óbreytt

Aðrar gjaldskrár Skaftárhrepps taka visitölubreytingum þ.e. gjaldskrá byggingarleyfisgjalda og gjaldskrár skólastofnana og mótneytis.

Verðlaun fyrir refa- og minnkaveiði verða eftirfarandi;

Refir kr. 9.000,- á dýr

Yrðlingar kr. 6.000,- á dýr

Minkar kr. 4.500,- á dýr

Sveitarstjórn staðfestir gjaldskrárnar.

2. 1711009 Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“ á árinu 2017. Landgræðsla ríkisins. 08.11.2017

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um 150.000,-. Tekið af lið 1189-9611.

3. 1710001 Samningur við Náttúrustofu Suðausturlands. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 14.11.2017

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að gerður verði viðauki við níverandi samning við Náttúrustofu Suðausturlands til ársloka 2018. Sveitarstjóra falið að tilkynna afstöðu sveitarstjórnar til Umvherfis- og auðlindaráðuneytisins.

4. 1705007 Drög að meginþáttum eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda til umsagnar. Fjármála- og efnahagsráðuneytið dags.05.10.2017.



Skaftárhreppur

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar því að unnið sé að gerð eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda.

Hér í Skaftárhreppi eru margar bújarðir í eigu ríkisins, einkum í lágsveitum Álfavéri og Meðallandi. Samkvæmt gildandi stefnu sveitarfélagsins í skipulagsmálum er allt land neðan 200 m.y.s. skilgreint sem landbúnaðarland og er gert ráð fyrir því að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum með eðlilegum þróunarmöguleikum annarra atvinnugreina sem henta slikum svæðum.

Það stefnuleysi ríkisins sem verið hefur allt frá því að fjármálaráðuneytið tók yfir umsýslu ríkisjarða er með öllu óþoland. Stefнuleysi sem staðið hefur í vegi fyrir eðlilegri framþróun landbúnaðar í þeim sveitum þar sem jarðir í eigu ríkisins eru margar. Stefнuleysi sem m.a. birtist í því að góðar bújarðir sem losna úr ábúð eru ekki byggðar aftur og að ábúendur ríkisjarða fá ekki heimild landeigenda til eðlilegrar uppyggingar sinna bújarða, til að mæta auknum kröfum samtímans. Stefнuleysi sem gerir það að verkum að landbúnaður á þessum jörðum, og þar með í sveitarféluginu öllu, dregst aftur úr hvað mögulega framþróun snertir á landsvísu.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps gagnrýnir vinnubrögð ráðuneytisins við undirbúning og gerð þessarar stefnu, þar sem ekki hefur verið leitað samráðs við viðkomandi sveitarfélög, né hefur verið leitað umsagnar helstu hagsmunaðila t.a.m. Sambands íslenskra sveitarfélaga eða landshlutasamtaka.

Sveitarstjóra falið að senda umsögnina til fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

5. 1710015 Tilnefning tengiliðs Skaftárhrepps við Markaðsstofu Suðurlands. Markaðsstofa Suðurlands. dags. 23.11.2017
Sveitarstjórn Skaftárhrepps tilnefnir verkefnistjóra Friðar og frumkrafa sem tengilið sveitarfélagsins við Markaðsstofu Suðurlands.
6. 1610010 Rekstraryfirlit 10 mánaða staða
Reksturinn er á áætlun.
7. 1611007 Ákvörðun kjararáðs og tenging við þingfararkaup
Frá 1. janúar 2018 skulu nefnda- og stjórnarlaun í Skaftárhreppi taka mið af þingfararkaupi samkvæmt úrskurði kjararáðs frá 1. október 2016 kr. 1.104.194 samkvæmt eftirfarandi hlutfalli;

Oddviti sveitarstjórnar	14%
Aðrir sveitarstjórnarmenn	7%
Formenn nefnda	2%
Aðrir nefndarmenn	1,5%

Nefndarlaun eru greidd fyrir setinn fund.

Laun sveitarstjóra verða aftengd þingfararkaupi og hækka samkvæmt launavísitölu frá 1. júní 2016.

Oddvita falið að gera viðauka við ráðningarsamning sveitarstjóra.



8. 1710010 Fjárhagsáætlun 2018-2021 – síðari umræða

Fjárhagsáætlun 2018 gerir ráð fyrir að heildartekjur sveitarfélagsins verði 569.863 þús.kr. Þar af skatttekjur 350.937 þús.kr., framlög jöfnunarsjóðs 107.355 þús.kr. og aðrar tekjur 111.571 þús.kr. Laun og launatengd gjöld verði 261.657 þús.kr. Annar rekstrarkostnaður verði 234.651 þús.kr. og afskriftir 20.862 þús.kr. Niðurstaða fyrir fjármagnsliði fyrir samantekin A- og B-hluta er áætluð 52.693 þús.kr. Fjármagnsliðir verði 9.306 þús.kr. og rekstrarniðurstaða verði 43.387 þús.kr. Eignir eru áætlaðar 728.284 þús.kr. og þar af handbært fé 62.108 þús.kr., skuldir og skuldbindingar samtals 228.923 þús.kr. og eigið fé verður 499.361 þús.kr. Veltufé frá rekstri er áætlað 47.041 þús.kr. og afborganir langtímalána verður 17.032 þús.kr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum verður 160.566 þús.kr. Engin ný lán verða tekin á árinu.

Áætlun 2019-2021 er gerð á föstu verðlagi og miðast við óbreyttan rekstur málaflokka frá 2018.

Áætlun 2019 gerir ráð fyrir 2,8% verðbótum og rekstrarniðurstöðu 17.250 þús.kr.

Áætlun 2020 gerir ráð fyrir 2,6% verðbótum og rekstrarniðurstöðu 19.172 þús.kr.

Áætlun 2021 gerir ráð fyrir 2,6% verðbótum og rekstrarniðurstöðu 20.777 þús.kr.

Nánari skýringar með fjárhagsáætlun má finna í greinargerð með fjárhagsáætlun sem sett verður á vef sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun 2018-2021.

9. 1707004 Samningur um refaveiðar 2017-2019 milli Skaftárhrepps og Umhverfisstofnunar til staðfestingar.

Sveitarstjórn staðfestir samninginn.

10. 1711012 Stuðningur við Snorraverkefnið 2018. Snorrasjóður. dags. 20.11.2017

Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar erindið en getur ekki stutt við verkefnið að þessu sinni.

11. 1712001 Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi vegna reksturs gististaðar í flokki II á þykkvabækjarklaustri 2. Sýslumaðurinn á Suðurlandi. dags. 20.11.2017

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

12. 1606028 Drög að samkomulagi héraðsnefnda Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu um ráðstöfun og útleigu á deiliskipulögðu landi Ytri-Skóga

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir drögini fyrir sitt leyti.

13. 1712003 Samstarfssamningur milli slökkviliða Mýrdals- og Skaftárhrepps

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir samstarfssamning slökkviliðanna fyrir sitt leyti.

Heiða Guðný Ásgeirs dóttir víkur affundi og Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður Z-lista kemur í hennar stað.

14. 1712004 Umsókn um niðurrif eignar. Gunnar Bragi Jónsson. dags. 19.11.2017

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við niðurrif umræddrar eignar og felur byggingarfulltrúa að ljúka málinu.



Skaftárhreppur

15. 1712005 Umsókn um stöðuleyfi. Elín Júlíana Sveinsdóttir. dags. 21.11.2017
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu stöðuleyfisins og felur byggingarfulltrúa að ljúka afgreiðslu málsins.
16. 1712006 Umsókn um byggingarleyfi á Skaftárvöllum 15. Guðmundur Vignir Steinsson. dags. 09.11.2017
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurbyggingu matshluta 02 að Skaftárvöllum 15. Gerð er athugasemd við að ekki er sótt um breytta notkun matshlutans sem í dag er skráður sem geymsla. Samkvæmt framlögðum uppdráttum er um staðkun á ibúð Skaftárvöllum 15 að ræða og telur sveitarstjórn því eðlilegt að matshlutinn verði skráður sem slikur. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu, yfirlara uppdrætti í samræmi við lög og reglugerðir og óska eftir uppfærðri umsókn og skráningu vegna framlagðra uppdráttu.

III. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð 28. fundar stjórnar Bergrisans. dags. 19.09.2017. *Fundargerð kynnt.*
2. Fundargerð 29. fundar stjórnar Bergrisans. dags. 19.10.2017. *Fundargerð kynnt.*
3. Fundargerð 30. fundar stjórnar Bergrisans. dags. 20.11.2017. *Fundargerð kynnt.*
4. 526. fundargerð stjórnar SASS. dags. 10.11.2017. *Fundargerð kynnt.*
5. 1604031 Fundargerð 49. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. dags. 15.11.2017. *Fundargerð kynnt.*
6. 1607017 Fundargerð 79. fundar menningarmálanefndar. dags. 01.11.2017. *Fundargerð kynnt.*
7. 1712002 Fundargerð um stöðu verkefnisins hættumat vegna Skaftárhlaupa. Veðurstofa Íslands. dags. 16.11.2017. *Fundargerð kynnt.*
8. Fundargerð aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. dags. 19.10.2017. *Fundargerð kynnt.*
9. Fundargerð aðalfundar SASS. dags. 19. og 20. október 2017. *Fundargerð kynnt.*
10. 1603015 Fundargerð vegna þekkingarseturs haldinn með samstarfsaðilum í Fjölheimum á Selfossi. dags. 27.10.2017. *Fundargerð kynnt.*
11. Fundargerð 99. Fundar héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu. dags. 28.11.2017. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni.

1. 1709014 Samningur milli ríkissjóðs og Skaftárhrepps um uppgjör lífeyrisskuldbindinga í Lífeyrissjóð hjúkrunarfæðinga vegna hjúkrunarheimilis sveitarfélags. dags. 26.10.2017. *Kynnt.*
2. 1710002 Afrit ef erindi Vegagerðarinnar til ábúanda á Flögu 3 um tilkynningu um breytingu á skráningu Flöguvegar nr. 2179 í vegaskrá. dags. 02.11.2017 *Kynnt.*
3. 1710002 Afrit af erindi Vegagerðarinnar til ábúenda á Flögu 1 um tilkynningu um breytingu á skráningu Flöguvegar nr. 2179 í vegaskrá. dags. 02.11.2017 *Kynnt.*
4. Upplýsingagjöf sveitarstjórnar við útgáfu og endurskoðun á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Umhverfisstofnun. dags. 06.11.2017 *Kynnt.*
5. Skýrsla nefndar um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálendi Íslands. Samband íslenskra sveitarfélaga. dags. 30.11.2017 *Kynnt.*
6. 1711014 Eftirfylgni í Leikskólann Kærabæ. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. dags. 13.11.2017 *Kynnt.*
7. 1711013 Eftirlit í Kirkjubæjarskóla á Síðu. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. dags. 13.11.2017 *Kynnt.*
8. Hvað þýða nýjar persónuverndarreglur fyrir sveitarfélögin? Leiðbeiningar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nóvember 2017. *Kynnt.*




Skaftárhreppur


9. Samningur Skaftárrepps og Orkufjarskipta vegna lagningar ljósleiðara frá Prestsbakka að Fossi á Síðu og frá Núpum að sveitarfélagsmörkum. *Kynnt.*
10. Í skugga valdsins. Samband íslenskra sveitarfélaga. dags. 30.11.2017. *Kynnt.*


Næsti fundur áætlaður fimmtudaginn 11. janúar 2018
Fundargerð lesin upp og samþykkt
Fundi slitið kl. 13:45


Eva Björk Harðardóttir


Jóhannes Gissurarson

Heiða Guðný Ásgeirs dóttir


Bjarki Guðnason


Sverrir Gíslason


Jóna Björk Jónsdóttir